

## REGLUGERÐ

### um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum.

#### 1. gr.

Skipum sem eru lengri en 20 metrar að mestu lengd er óheimilt að stunda dragnótaveiðar innan línu sem dregin er frá Blakksnesi  $65^{\circ}38,410'N - 024^{\circ}19,390'V$  um Kópanesvita  $65^{\circ}47,684'N - 024^{\circ}06,597'V$  í Fjallaskagavita  $66^{\circ}00,498'N - 023^{\circ}48,696'V$  og frá Barða  $66^{\circ}04,184'N - 023^{\circ}46,694'V$  í Sauðanesvita  $66^{\circ}07,078'N - 023^{\circ}39,409'V$  á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert.

#### 2. gr.

Allar dragnótaveiðar eru bannaðar á eftirfarandi svæðum:

1. Hesteyrarfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $66^{\circ}18,817'N - 022^{\circ}53,633'V$  og  $66^{\circ}18,618'N - 022^{\circ}50,126'V$ . Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $66^{\circ}20,694'N - 022^{\circ}50,540'V$  og  $66^{\circ}20,522'N - 022^{\circ}49,550'V$  frá og með 1. september til 1. apríl.
2. Veiðileysufjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $66^{\circ}19,065'N - 022^{\circ}45,642'V$  og  $66^{\circ}17,947'N - 022^{\circ}42,608'V$ .
3. Jökulfirðir innan línu sem dregin er úr Kvíum  $66^{\circ}17,160'N - 022^{\circ}37,004'V$  yfir í Höfðabót  $66^{\circ}14,691'N - 022^{\circ}36,994'V$ .
4. Ísafjarðardjúp innan línu sem dregin er úr Æðey  $66^{\circ}05,425'N - 022^{\circ}39,550'V$  í Ögurhólma  $66^{\circ}03,358'N - 022^{\circ}40,590'V$ . Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}58,372'N - 022^{\circ}30,384'V$  og  $65^{\circ}59,030'N - 022^{\circ}23,876'V$  frá og með 1. september til 1. apríl.
5. Önundarfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $66^{\circ}04,350'N - 023^{\circ}33,960'V$  og  $66^{\circ}02,531'N - 023^{\circ}35,479'V$ . Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $66^{\circ}03,440'N - 023^{\circ}31,610'V$  og  $66^{\circ}01,900'N - 023^{\circ}32,800'V$  frá og með 1. september til 1. apríl.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru skipum sem eru lengri en 20 metrar að mestu lengd og stundað hafa veiðar með dragnót innan línu sem dregin er frá Blakksnesi  $65^{\circ}38,410'N - 024^{\circ}19,390'V$  um Kópanesvita  $65^{\circ}47,684'N - 024^{\circ}06,597'V$  í Fjallaskagavita  $66^{\circ}00,498'N - 023^{\circ}48,696'V$  og frá Barða  $66^{\circ}04,184'N - 023^{\circ}46,694'V$  í Sauðanesvita  $66^{\circ}07,078'N - 023^{\circ}39,409'V$  á tímabilinu 1. nóvember 2008 til 31. maí 2011 heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $66^{\circ}03,440'N - 023^{\circ}31,610'V$  og  $66^{\circ}01,900'N - 023^{\circ}32,800'V$  frá og með 1. nóvember til 1. apríl.
6. Dýrafjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}55,000'N - 023^{\circ}35,867'V$  og  $65^{\circ}53,760'N - 023^{\circ}38,186'V$ . Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}53,770'N - 023^{\circ}30,978'V$  og  $65^{\circ}52,937'N - 023^{\circ}30,978'V$  frá og með 1. september til 1. apríl.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru skipum sem eru lengri en 20 metrar að mestu lengd og stundað hafa veiðar með dragnót innan línu sem dregin er frá Blakksnesi  $65^{\circ}38,410'N - 024^{\circ}19,390'V$  um Kópanesvita  $65^{\circ}47,684'N - 024^{\circ}06,597'V$  í Fjallaskagavita  $66^{\circ}00,498'N - 023^{\circ}48,696'V$  og frá Barða  $66^{\circ}04,184'N - 023^{\circ}46,694'V$  í Sauðanesvita  $66^{\circ}07,078'N - 023^{\circ}39,409'V$  á tímabilinu 1. nóvember 2008 til 31. maí 2011 heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er

milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}53,770'N - 023^{\circ}30,978'V$  og  $65^{\circ}52,937'N - 023^{\circ}30,978'V$  frá og með 1. nóvember til 1. apríl.

7. Arnarfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}46,173'N - 023^{\circ}37,810'V$  og  $65^{\circ}42,761'N - 023^{\circ}40,623'V$ . Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}46,173'N - 023^{\circ}37,810'V$  og  $65^{\circ}42,761'N - 023^{\circ}40,623'V$  frá og með 1. september til 1. apríl.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru skipum lengri en 20 metrar að mestu lengd og stundað hafa veiðar með dragnót innan línu sem dregin er frá Blakksnesi  $65^{\circ}38,410'N - 024^{\circ}19,390'V$  um Kópanesvita  $65^{\circ}47,684'N - 024^{\circ}06,597'V$  í Fjallaskagavita  $66^{\circ}00,498'N - 023^{\circ}48,696'V$  og frá Barða  $66^{\circ}04,184'N - 023^{\circ}46,694'V$  í Sauðanesvita  $66^{\circ}07,078'N - 023^{\circ}39,409'V$  á tímabilinu 1. nóvember 2008 til 31. maí 2011 heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}46,173'N - 023^{\circ}37,810'V$  og  $65^{\circ}42,761'N - 023^{\circ}40,623'V$  frá og með 1. nóvember til og með 31. maí.

8. Tálknafjörður og Patreksfjörður innan línu sem dregin er úr Hvalvíkurnesi  $65^{\circ}40,720'N - 024^{\circ}01,730'V$  í Tálkna  $65^{\circ}38,850'N - 024^{\circ}04,810'V$  og þaðan í Ólafsvita  $65^{\circ}36,465'N - 024^{\circ}09,606'V$ . Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}34,738'N - 023^{\circ}57,611'V$  og  $65^{\circ}33,573'N - 023^{\circ}58,096'V$  frá og með 1. september til 1. apríl.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru skipum sem eru lengri en 20 metrar að mestu lengd og stundað hafa veiðar með dragnót innan línu sem dregin er frá Blakksnesi  $65^{\circ}38,410'N - 024^{\circ}19,390'V$  um Kópanesvita  $65^{\circ}47,684'N - 024^{\circ}06,597'V$  í Fjallaskagavita  $66^{\circ}00,498'N - 023^{\circ}48,696'V$  og frá Barða  $66^{\circ}04,184'N - 023^{\circ}46,694'V$  í Sauðanesvita  $66^{\circ}07,078'N - 023^{\circ}39,409'V$  á tímabilinu 1. nóvember 2008 til 31. maí 2011 heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta:  $65^{\circ}34,738'N - 023^{\circ}57,611'V$  og  $65^{\circ}33,573'N - 023^{\circ}58,096'V$  frá og með 1. nóvember til og með 31. maí.

### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 843/2011 um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða, með síðari breytingum, reglugerð nr. 296/2011 um bann við dragnótaveiðum út af Ströndum og 6. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 678/2010 um bann við dragnótaveiðum, með síðari breytingum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Allar veiðar með dragnót eru bannaðar innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli Rana í Hornbjargi  $66^{\circ}27,3'N - 022^{\circ}24,1'V$  í Selsker  $66^{\circ}07,5'N - 021^{\circ}30,0'V$  og þaðan í Gjögurvita  $65^{\circ}59,3'N - 021^{\circ}19,0'V$  til og með 31. desember 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. nóvember 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Baldur P. Erlingsson.**

*Hrefna Karlsdóttir.*